

Athugasemdir vegna afgreiðslu máls nr. 11, á 22. Fundi Skipulags- og umferðarnefnd Rangárbings ytra.

Ég undirritaður, Kristján Ingi Úlfsson, einn eigenda jarðarinnar Selsund í Rangárbingi Ytra, geri hér með eftirfarandi athugasemdir við beiðni eigenda Svínhaga 3 um leyfi til deiliskipulags á lóð þeirra.

Skortur á samskiptum

Sem einn eigenda jarðarinnar Selsund sem á landamerki upp við Svínhaga 3, þá undrast ég að ekki sé skylda Skipulags- og umferðarnefndar að hafa samband við okkur eigendur vegna hugsanlegra breytinga er viðkoma skipulagi sem gætu haft áhrif á okkar hagsmuni.

Innihald skipulagslýsingar

Ég og aðrar eigendur undrumst hversu ónákvæmar upplýsingar eru í svokallaðri skipulagslýsingu sem tekin var til umfjöllunar. Sér í lagi er undarlegt að sjá „Mynd 1“ sem sýnir á mjög lauslegan hátt, með rauðum hring, svæðið sem um er talað. Þessi „afmörkun“ teygir sig langt inn á Selsund og sætir furðu að ekki hafi verið sett inn skýringarmynd sem afmarki með hnitum hin meintu lóðarmörk Svínhaga 3.

Þó svo að þetta skjal sé einungis það fyrsta í röð margra, þá teljum við eigendur Selsunds að það sé nauðsynlegt að öll gögn sem tengjast þessari beiðni séu frá upphafi eins nákvæm og hægt er að hafa þau til að koma í veg fyrir misskilning á síðari stigum.

Markagirðingar Selsund og Svínhaga

Í skipulagslýsingu er talað um að markagirðingar Selsunds og Haukadals ráði stærð lóðar. Þarna er komið inn á gamalt þrætumál á milli þáverandi eigenda Svínhaga og eigenda hóps Selsunds þar sem sá fyrrnefndi setti niður girðingu sem notast við ranga staðsetningu á lykil landamerki (Illady) sem afmarkar þessar tvær jarðir og liggur þessi girðing einmitt í gegnum Svínhaga 3 og er sú sem vísað er til í umræddri skipulagslýsingu.

Það að girðingin liggi í rangan punkt, þýðir líka að meint lóðarmörk Svínhaga 3 eru röng og því er ekki rétt að miða við þá markagirðingu í væntanlegu deiliskipulagi. Landamerkjамál þetta hefur farið fyrir dómstóla (E-189/2010) þar sem ákveðið girðingar samkomulag Svínhaga og Selsunds var látið niður falla og hefur því alla tíð síðan ríkt ósamkomulag um þennan tiltekna landamerkjapunkt.

Ég vil árétta að í þeim dómi er staðfest að ekki liggi fyrir samkomulag um rétta staðsetningu umrædds landamerkjapunkts og þar af leiðandi markleysa að byggja afmörkun landspildunnar (Svínahagi 3) á umræddum markgirðingum eins og lýst er grein 2.2 Skipulagssvæðið – í skipulagslýsinguinni.

Alla tíð síðan þessu dómsmáli lauk, hafa eigendur Selsunds mótmælt þeim ráðstöfunum sem hafa átt sér stað á umdeildu svæði, bæði til Sveitarstjórnar og Skipulagsnefndar Rangárbings Ytra og einnig með höfðun á nýju dómsmáli 2015. Það hefur alltaf verið ósk og vilji okkar eigenda Selsunds að útkljá þetta mál áður en það yrði erfiðara vegna framkvæmda og þrátt fyrir samþykktir Rangárbings Ytra á sumum

lykilmótmælum, þá hefur stjórnslan ítrekað leyft framkvæmdir á svæði sem tilheyrir Selsundi og þar með tekið fullan þátt í þeim markvissi aðgerðum seð staðið hefur verið í af meintum þinglýstum eigendum aðliggjandi lóða. Þetta nýjasta mál er enn eitt dæmið um þetta ef það nær frekari framgangi.

Þess má geta að eigendur Selsunds byggja allar sínar upplýsingar um þennan umdeilda landamerkjapunkt á kortagögnum Landmælinga, Sveitarfélagsins Rangárþings Ytra, kortagögnum sem fylgja fornleifaskýrslu um svæðið, fornum kirkjusóknarkortum Keldnasóknar, Þjóðlendulínu 2003, örnefnakorti Ingólfs Einarssonar yfir Svínhaga og yfirlýsingum staðkunnugra, á meðan krafa Svínhaga er einungis byggð á sjálfskráðum kortagögnum og þinglýsingum og því ekki marktæk af neinu leiti.

Þrátt fyrir þetta hefur Rangárþing Ytra ítrekað afgreitt mál er hafa bein áhrif á umdeilt land og gert okkur eigendum Selsunds erfiðara fyrir með hverju árinu að láta leiðrétta þetta mál og í leiðinni að öllum líkindum bakað sér ríka skaðabótaskyldu gagnvart eigendum Selsunds með ákvörðunum sínum.

Lokakrafa

Í ljósi ofangreinds, þá er það krafa mín, og annnara eigenda Selsund, að þessar fyrirætlanir verði stöðvaðar og munu ekki hefjast að nýju fyrr en að eigendur Svínhaga 3 hafi tekist að leggja fram gögn sem geta staðfest þeirra skilning á legu þeirra girðingar sem þeir byggja lóð sína á.

Virðingarfyllst,

Kristján Ingi Úlfsson

Kt. 070374-3749